

Kennsluáætlun - Námskeið fyrir umsjónarmenn

Undirbúningur þátttakenda felst í að lesa:

- *Kynningarefni: Hæfnigreining FA*
- *Handbók fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga: Hæfnigreining FA*

<p>Dagur 1 Fyrri hluti</p> <ul style="list-style-type: none"> • Umræður um kynningarefni og greiningarferlið • Skilmálar FA um hæfnigreiningar kynntir og ræddir. • Gátlistar vegna hæfnigreininga. • Handbók fyrir umsjónarmenn greininga kynnt og rædd. • Umræður um framsetningu og notkun handbókarinnar. • Greiningarverkefni, undirbúningur. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Viðmið um hæfni, námsmaður:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Lýsir skilmálum sem gilda af hálfu FA um hæfnigreiningar og hvaða ábyrgð og skyldur eru lagðar á umsjónarmanninn. ✓ Gerir grein fyrir helstu áhrifaþáttum við þróun aðferðarinnar og faglegum bakgrunni. ✓ Útskýrir ferli hæfnigreininga skv. aðferð FA. ✓ Greinir frá innihaldi og skipulagi handbókar og notar hana í náminu. ✓ Gerir grein fyrir hvað þarf að hafa í huga við upphaf greiningarverkefnis og samsetningu stýrihóps.
<p>Dagur 1 Seinni hluti</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greiningarverkefni, fundur 1 (skilgreining starfs). • Umræður • Greiningarverkefni – fundur 2 (val á hæfniþáttum, kynning á almennri starfshæfni ofl.) • Umræður. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Viðmið um hæfni, námsmaður:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Gerir grein fyrir helstu atriðum sem hafa þarf í huga á fyrsta fundi í greiningarferlinu. Lýsir því hvernig skilgreining starfs er sett fram skv. handbók. ✓ Lýsir þeirri reynslu sem felst í því að taka þátt í fyrsta fasa hæfnigreiningar sem almennur þátttakandi og hvernig hann hyggst nýta sér það í eigin starfi sem umsjónarmaður greininga. ✓ Útskýrir tilurð almennrar starfshæfni eins og hún er skilgreind af FA og hvernig hún er notuð. ✓ Gerir grein fyrir helstu atriðum sem hafa þarf í huga á öðrum fundi í greiningarferlinu. ✓ Lýsir því hvernig hæfniþættir úr hæfnigrunni FA eru settir fram og hvers vegna. ✓ Lýsir því hvernig hæfnikröfur starfs eru settar fram skv. handbók. ✓ Lýsir þeirri reynslu sem felst í því að taka þátt í öðrum fasa hæfnigreiningar sem almennur þátttakandi og hvernig hann hyggst nýta sér það í eigin starfi sem umsjónarmaður greininga.
<p>Dagur 2 F.h.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hæfnigrunnur FA • Greiningarverkefni – fundur 3 (val á þrepum, almenn starfshæfni). • Greiningarverkefni – úrvinnsla og frágangur. • Umræður 	<p>Viðmið um hæfni, námsmaður:</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Gerir grein fyrir helstu atriðum sem hafa þarf í huga á þriðja fundi í greiningarferlinu og við úrvinnslu gagna. ✓ Lýsir þeirri reynslu sem felst í því að taka þátt í þriðja fasa hæfnigreiningar sem almennur þátttakandi og hvernig hann hyggst nýta sér það í eigin starfi sem umsjónarmaður greininga. ✓ Gerir grein fyrir því hvar leita má stuðnings og frekari upplýsinga um aðferðina.
<p>E.h.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýting afurða • Umræður • Mat og lok 	